

Tillögur SR fyrir Íshökkíþing 2025

Tillaga 1

Breytingar á Reglugerð nr. 8 um aganefnd.

1. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Stjórn ÍHÍ skipar aganefnd. Nefndin skal skipuð þremur aðilum og tveimur til vara. Nefndina skal skipa innan mánaðar frá Íshökkíþingi.

Breytingartillaga: Greinin skal heita 1. gr. Kjör og skipan aganefndar.

Aganefnd ÍHÍ skal skipuð fimm aðilum, einum frá hverju aðildarfélagi ÍHÍ og einum skipuðum af stjórn ÍHÍ, ásamt fimm varamönnum. Stjórnir aðildarfélaga ÍHÍ skulu skipa tvo aðila hver, einn aðal og einn til vara. Stjórn ÍHÍ skal skipa tvo aðila, einn aðal og einn til vara. Nefndin skal því hafa fimm aðalmenn og fimm til vara en að lágmarki einn aðalmanna skal vera löglærður. Hver varamaður fylgir sínum aðalmanni, þ.e.a.s. ef aðalmaður forfallast tekur varamaður sæti í hans stað. Á fyrsta fundi nefndarinnar skal nefndin velja sér formann, sem skal vera löglærður, og varaformann úr hópi aðalmanna. Meðlimir nefndarinnar skulu starfa í tvö ár í senn.

Breytingartillaga: Núverandi 2. gr. skal verða 3. gr. Hlutverk og valdsvið aganefndar í staðinn skal 2. gr. heita 2. gr. Hæfi nefndarmanna.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 2. gr. Hæfi nefndarmanna

Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef;

- a) Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila;
- b) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu;
- c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins;
- d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar;
- e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í staflið d);
- f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í staflið d);

g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náíð skyldmennir eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

h) Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

Stjórn ÍHÍ skal skipa nefndarmann í aganefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

2. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot, óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna, félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum mótum sem fram fara á vegum ÍHÍ. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leiki, í leikhléi eða eftir að leik lýkur.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 3. gr. Hlutverk og valdsvið aganefndar

Hlutverk aganefndar er að úrskurða um agabrot, óprúðmannlega eða ámælisverða framkomu leikmanna, forystumanna, félaga, dómara, áhorfenda og annarra er hlut eiga að máli, í öllum opinberum mótum sem fram fara á vegum ÍHÍ. Valdsvið aganefndar tekur einnig til atvika er eiga sér stað fyrir leiki, í leikhléi eða eftir að leik lýkur.

3. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Aganefnd byggir úrskurð sinn á leik- og atvikaskýrslum viðkomandi leiks. Þó getur aganefnd einnig tekið fyrir önnur mál er henni berast og hún telur ástæður til. Aganefnd er heimilt að gefa málsaðilum kost á munnlegum eða skriflegum málflutningi ásamt því að leggja fram myndbandsupptökur eða önnur sönnunargögn sem skipt geta máli við mat á viðurlögum. Aganefnd skal hafa frjálst sönnunarmat á gögnum þeim er lögð eru fyrir nefndina.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 4. gr. Grundvöllur málsmeðferðar

Aganefnd byggir úrskurði sína á leik- og atvikaskýrslum viðkomandi leikja. Aganefnd getur tekið fyrir önnur mál er henni berast eftir því sem ástæður gefa tilefni til. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem stjórn eða framkvæmdastjóri ÍHÍ telur tilefni til að nefndin taki til málsmeðferðar, t.d. atvik sem skaðað geta ímynd íshokki hreyfingarinnar eða þeirra sem taka þátt í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega. Félag viðkomandi einstaklings er ábyrgt fyrir sektargreiðslu vegna viðkomandi atviks. Framkvæmdastjóri / stjórn skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli

sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Aganefnd skal hafa frjálst sönnunarmat á gögnum þeim er lögð eru fyrir nefndina.

4. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Formaður aganefndar boðar fundi eins oft og þurfa þykir í samræmi við þær reglur sem gilda í hverju tilfalli. Aganefnd er heimilt að halda símafund ef allir nefndarmenn eru því samþykkir.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 5. gr. Starfshættir aganefndar

Formaður aganefndar boðar fundi eins oft og þurfa þykir í samræmi við þær reglur sem gilda í hverju tilfalli. Aganefnd er heimilt að halda fjarfund ef allir nefndarmenn eru því samþykkir.

5. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd fara eftir lögum og reglugerðum ÍHÍ, dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum alþjóðasambanda sem ÍHÍ er aðili að.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 6. gr. Viðurlög við brotum

Við ákvörðun um viðurlög við brotum skal aganefnd fara eftir lögum og reglugerðum ÍHÍ, dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ og eftir atvikum reglum alþjóðasambanda sem ÍHÍ er aðili að.

Fyrir brot sem varða við lög, reglugerðir, dóms- og refsíákvæði ÍSÍ og reglur alþjóðasambanda sem ÍHÍ er aðili að getur aganefnd úrskurðað leikmann í leikbann í allt að þrjá leiki eftir alvarleika brotanna eða tímabundið bann.

6. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 7. gr. Málsmeðferð

Aganefnd skal gefa aðilum kost á munnlegum og/eða skriflegum málflutningi ef mál eru alvarlegs eðlis, sem varða tímabundið bann og óskir berast um það frá viðkomandi aðilum fyrir næsta fund nefndarinnar eftir umræddan atburð. Þá skal aðilum gefinn kostur á því að leggja fram myndbandsupptökur eða önnur sönnunargögn sem skipt geta máli við mat á viðurlögum vegna viðkomandi máls. Heimilt er að skjóta til dómstóls ÍSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta tímabundnu banni eða sektum að hærri fjárhæð en 100.000 kr. Í slíkum tilvikum skal öllum aðilum máls kynntur úrskurður aganefndar. Að öðru leyti verður úrskurður aganefndar ekki áfrýjað. Ef augljóst er að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna formgalla, svo sem vegna rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar skráningar, ber

skrifstofu ÍHÍ að koma þeim upplýsingum á framfæri við aganefnd, sem tekur málið fyrir á næsta fundi nefndarinnar eða á sérfundum ef svo ber undir. Aganefnd hefur í slíkum tilfellum heimild til að leiðrétta fyrri úrskurð og kveða upp nýjan úrskurð en aganefnd er ekki heimilt að taka málið aftur upp til efnislegrar meðferðar.

7. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Úrskurðir aganefndar skulu færðir í sérstaka fundargerðarbók. Í úrskurði skal greina glöggð hver hinn brotlegi sé, í hvaða leik / móti brotið átti sér stað og á hvaða forsendum aganefnd byggir úrskurð sinn.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 8. gr. Skráning og rökstuðningur úrskurða

Úrskurðir aganefndar skulu færðir í sérstaka fundargerðarbók. Í úrskurði skal greina glöggð hver hinn brotlegi sé, með þeirri undantekningu að ekki skal birta nöfn leikmanna sem ekki hafa náð 18 ára aldri, í hvaða leik / móti brotið átti sér stað. Aganefnd skal gæta að því að úrskurðir nefndarinnar innihaldi ekki upplýsingar um náin persónuleg málefni aðila málsins. Úrskurðir aganefndar skulu rökstuddir, með tilliti til gildandi refsiramma hverju sinni.

8. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Úrskurð sinn skal aganefnd birta strax að loknum fundi á heimasíðu ÍHÍ (www.ih.is) Afplánun dóms hefst þegar úrskurður aganefndar hefur verið birtur.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 9. gr. Birting úrskurða

Úrskurð sinn skal aganefnd birta aðilum máls strax að loknum fundi og áður en þeir eru birtir á heimasíðu ÍHÍ (www.ih.is). Afplánun dóms hefst þegar úrskurður aganefndar hefur verið birtur opinberlega.

9. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsingu í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða félagi eða flokki hann verður hlutgengur á þeim tíma.

Breytingartillaga: Greinin skal heita 10. gr. Afplánun refsinga

Ef aðili á eftir að taka út refsingu þegar keppnistímabili lýkur, skal hann afplána refsingu í byrjun næsta keppnistímabils, án tillits til þess með hvaða félagi eða flokki hann verður hlutgengur á þeim tíma.

10. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Mál sem berast aganefnd ÍHÍ skulu afgreidd eins fljótt og auðið er. Heimalið leikja bera ábyrgð á því að afrit af leikskýrslu berist til skrifstofu ÍHÍ innan 24 klst. eftir að leik lýkur samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 10. um leikskýrslur. Úrskurðir aganefndar skulu taka gildi um leið og þeir eru birtir.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 11. gr. Afgreiðsla mála

Mál sem berast aganefnd ÍHÍ skulu afgreidd eins fljótt og auðið er. Heimalið leikja bera ábyrgð á því að afrit af leikskýrslu berist til skrifstofu ÍHÍ innan 24 klst. eftir að leik lýkur samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 10. um leikskýrslur. Úrskurðir aganefndar skulu taka gildi um leið og þeir hafa verið birtir aðilum málsins og í framhaldi birtir opinberlega.

11. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Innifeli leikskýrsla sjálfvirka útilokun leikmanns úr næsta leik án þess að mál hans sé meðhöndlað frekar hjá nefndinni er formanni nefndarinnar heimilt að birta úrskurð á heimasíðu ÍHÍ án þess að boða til fundar. Sama gildir ef að um er að ræða uppsafnaða refsingu. Formaður skal sjá til að slíkar gjörðir séu færðar til bókar í fundargerð næsta fundar aganefndar. Innifeli leikskýrsla sjálfvirka útilokun leikmanns frá keppni þar til mál hans hefur verið tekið fyrir skal formaður aganefndar boða til fundar áður en lágmarksrefsingu er lokið. Úrskurð sinn skal aganefnd birta á heimasíðu ÍHÍ strax að loknum fundi. Það er ábyrgð viðkomandi félaga að kynna sér úrskurði aganefndar.

Breytingartillaga:

Greinin skal felld alfarið út.

12. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Við ákvörðun refsinga skal alla jafna miða við alvarleika brotsins og afleiðingar þess, hverjar séu afleiðingar brotsins bæði fyrir þá aðila sem eiga í hlut og hreyfinguna í heild. Við ítrekuð brot er aganefnd heimilt að auka refsingar í samræmi við neðangreint. a) Við endurtekið samskonar brot skal tvöfalda þá refsingu sem upphaflega var gefin. b) Verði leikmaður uppvís af samskonar broti í þriðja sinn á keppnistímabilinu skal tvöfalda síðasta dóm, eða fjórfalda upphaflega dóm. c) Verði leikmaður uppvís af samskonar broti í fjórða sinn á keppnistímabilinu skal tvöfalda síðasta dóm, eða áttfalda upphaflegan dóm. d) Við upphaf hvers keppnistímabils skulu allir leikmenn hafa upphafsstöðu gagnvart þessum margföldunar áhrifum.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 12. gr. Stighækkun viðurlaga

Við ákvörðun refsinga skal alla jafna miða við alvarleika brotsins og afleiðingar þess, hverjar séu afleiðingar brotsins bæði fyrir þá aðila sem eiga í hlut og hreyfinguna í heild. Við ítrekuð brot er aganefnd heimilt að auka refsingar í samræmi við neðangreint.

a) Við endurtekið samskonar brot skal tvöfalda þá refsingu sem upphaflega var gefin.

- b) Verði leikmaður uppvís af samskonar broti í þriðja sinn á keppnistímabilinu skal tvöfalda síðasta dóm, eða fjórfalda upphaflega dóm.
- c) Verði leikmaður uppvís af samskonar broti í fjórða sinn á keppnistímabilinu skal tvöfalda síðasta dóm, eða áttfalda upphaflegan dóm.
- d) Við upphaf hvers keppnistímabils skulu allir leikmenn hafa upphafsstöðu gagnvart þessum margföldunar áhrifum.
- e) Þrátt fyrir að hver leikmaður hefji keppnistímabilið með hreinan skjöld hvað varðar agabrot, getur aganefnd ákveðið að tiltekinn leikmaður beri brot frá fyrra tímabili með sér yfir á nýtt keppnistímabil að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Brot leikmannsins hafi verið sérstaklega gróft eða hættulegt; það hafi falið í sér ásetning eða vítaverða ófyrirsjáanlega háttsemi og um sé að ræða ítrekuð alvarleg brot sem gefi tilefni til sérstakra viðbragða. Mat á alvarleika brota og ákvörðun um hvort flutningur refsinga á milli keppnistímabila eigi við er á forræði aganefndar.

13. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Aganefnd skal hafa lokið meðhöndlun allra leikskýrsla úr deildarkeppni áður en úrslitakeppni hefst.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 13. gr. Meðhöndlun leikskýrsla

Aganefnd skal hafa lokið úrvinnslu allra mála úr deildarkeppni áður en úrslitakeppni hefst.

14. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Ákveði félag að gefa leik í meistaraflokki skal félagið sektað. Sektir eru eftirfarandi:

- a) Gefi félag leik á eigin heimavelli skal það greiða sekt til ÍHÍ kr. 75.000.-
- b) Gefi félag leik sem telst útileikur þess, skal það borga heimaliði kr. 150.000.- í sekt og einnig kr. 75.000.- í sekt til ÍHÍ.
- c) Gefi félag fleiri en einn leik innan sama tímabils skal sektarupphæð hækka um 25% fyrir hvert skipti frá því sem síðast var greitt innan sama tímabils.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 13. gr. Sektir vegna eftirgjafar leiks

Ákveði félag að gefa leik í meistaraflokki skal félagið sektað. Sektir eru eftirfarandi:

- a) Gefi félag leik á eigin heimavelli skal það greiða sekt til ÍHÍ kr. 75.000.-
- b) Gefi félag leik sem telst útileikur þess, skal það borga heimaliði kr. 150.000.- í sekt og einnig kr. 75.000.- í sekt til ÍHÍ.
- c) Gefi félag fleiri en einn leik innan sama tímabils skal sektarupphæð hækka um 25% fyrir hvert skipti frá því sem síðast var greitt innan sama tímabils.
- d) Ákveði félag að draga lið úr keppni eftir að mótaskrá hefur verið gefin út, skal félagið greiða sekt til ÍHÍ að upphæð kr. 150.000.-

15. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Verði félag uppvíst af að nota leikmann í leikbanni er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að 75.000 kr. auk annarra refsíákvæða.

a) Verði félag uppvíst af því að tefla fram leikmönnum í barnamótum 5; 6. og 7 flokks sem eru eldri en gildandi reglur segja til um skal félagið sektað um kr. 10.000.- fyrir þátttöku hvers leikmanns á mótinu. Heimilt er þó að víkja frá ákvæðinu liggi fyrir skrifleg heimild, hjá ÍHÍ frá öðrum þátttökufélögum, fyrir mótið.

b) Verði félag uppvíst að því að tefla fram leikmönnum sem teljast „Leikmaður undir aldri“ án þess að skriflegri yfirlýsingu sé framvísað sbr. reglugerð nr. 13 um Íslandsmótið í íshokki skal:

1. Við fyrsta brot félaginu gefin formleg aðvörun með tölvupósti.
2. Félagið sektað um kr. 10.000.- fyrir hvern leikmann sem spilar leik án þess að yfirlýsingin liggi fyrir. Heimilt er að sekta allt að fjórar vikur aftur í tímann.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 15. gr. Sektir vegna notkunar leikmanns í leikbanni

Verði félag uppvíst af að nota leikmann í leikbanni er aganefnd heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að 75.000 kr. auk annarra refsíákvæða.

a) Verði félag uppvíst af því að tefla fram leikmönnum í barnamótum 5; 6. og 7 flokks sem eru eldri en gildandi reglur segja til um skal félagið sektað um kr. 10.000.- fyrir þátttöku hvers leikmanns á mótinu. Heimilt er þó að víkja frá ákvæðinu liggi fyrir skrifleg heimild, hjá ÍHÍ frá öðrum þátttökufélögum, fyrir mótið.

b) Verði félag uppvíst að því að tefla fram leikmönnum sem teljast „Leikmaður undir aldri“ án þess að skriflegri yfirlýsingu sé framvísað sbr. reglugerð nr. 13 um Íslandsmótið í íshokki skal:

1. Við fyrsta brot félaginu gefin formleg aðvörun með tölvupósti.
2. Félagið sektað um kr. 10.000.- fyrir hvern leikmann sem spilar leik án þess að yfirlýsingin liggi fyrir. Heimilt er að sekta allt að fjórar vikur aftur í tímann.

16. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Aganefnd getur sektað félag eða svipt það heimaleik ef áhangendur þess valda truflun sem beinist gegn leikmönnum liða, starfsmönnum eða dómurum leiksins.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 16. gr. Viðurlög vegna áhangenda

Aganefnd getur sektað félag eða svipt það heimaleik ef áhangendur þess valda truflun sem beinist gegn leikmönnum liða, starfsmönnum eða dómurum leiksins.

17. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Ef félag sem á heimaleik hefur ekki tiltækan nægan fjölda starfsmanna við upphaf leiks er aganefnd heimilt að sekta félagið eða svipta það heimaleik.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 17. gr. Viðurlög vegna framkvæmdar leikja

Ef félag sem á heimaleik hefur ekki tiltækan nægan fjölda starfsmanna við upphaf leiks er aganefnd heimilt að sekta félagið eða svipta það heimaleik. Það sama á við ef aðstæður eru óboðlegar fyrir gestalið, t.d. hvað varðar klefa og varamannabekki.

18. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Verði félag, leikmenn eða aðrir forráðamenn uppvísir að einelti eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt er aganefnd heimilt að beita viðkomandi félag sektarákvæðum og öðrum þeim aðgerðum sem henta þykja til þess að uppræta viðkomandi hegðun.

Breytingartillaga:

Greinin skal heita 18. gr. Viðurlög vegna eineltis eða ofbeldis

Verði félag, leikmenn eða aðrir forráðamenn uppvísir að einelti eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt er aganefnd heimilt að beita viðkomandi félag sektarákvæðum og öðrum þeim aðgerðum sem henta þykja til þess að uppræta viðkomandi hegðun.

19. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Stjórn eða framkvæmdastjóra ÍHÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd íshökkí hreyfingarinnar eða þeirra sem að taka þátt í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega. Félag viðkomandi einstaklings er ábyrgt fyrir sektargreiðslu vegna viðkomandi atviks. Framkvæmdastjóri / stjórn skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefin kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar.

Breytingartillaga: Fella skal viðkomandi grein út.

Tillaga 2

Breyting á Reglugerð nr. 3 um viðurlög vegna ólöglegra leikmanna

1. gr.

Núverandi grein hljóðar svo:

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni í íshokkíleik skulu mörk þess þurrkast út og það tapa leiknum með tíu mörkum (10-0). Mörk sigurliðs standa óbreytt ef þau eru fleiri en 10.

Breytingartillaga:

Verði félag uppvíst að því að tefla fram ólöglegum leikmanni í íshokkíleik skulu mörk þess þurrkast út og það tapa leiknum með fimm mörkum (**5-0**). Mörk sigurliðs standa óbreytt ef þau eru fleiri en **5**.

Rökstuðningur

Í fótbolta er dæmt 0-3 tap og í handbolta 0-10 tap. Ef tekið er inn í myndina fjölda marka í íshokki miðað við fótbolta og handbolta þá er mátulegt að dæma 0-5 tap í okkar íþrótt.

Tillaga 3

Takmörkun erlendra markvarða í Topp-deildum karla og kvenna.

Í reglugerð Reglugerð nr. 9 um félagaskipti 5. gr. staflíð b segir:

Tryggingargjald fyrir erlend félagaskipti (ITC) er kr. 125.000.-Fyrir hvert fyrstu þrjú erlendra félagaskipta (ITC+LOA) hvers tímabils greiðist félagaskiptagjald til ÍHÍ kr. 25.000. Það og félagaskiptagjöld erlendra sambanda og IIHF dragast frá tryggingargjaldi og endurgreiðir ÍHÍ mismuninn til viðkomandi félags. Ef félag óskar eftir erlendum félagaskiptum fyrir fleiri en þrjá leikmenn af sama kyni skal það greiða kr. 400.000.-, fyrir utan tryggingargjaldið, sem gjaldfærist að fullu fyrir hvern leikmann.

Ef takmarka á veru erlendra markvarða gæti greinin litið svona út:

Tryggingargjald fyrir erlend félagaskipti (ITC) er kr. 125.000.-Fyrir hvert fyrstu þrjú erlendra félagaskipta (ITC+LOA) hvers tímabils greiðist félagaskiptagjald til ÍHÍ kr. 25.000. Það og félagaskiptagjöld erlendra sambanda og IIHF dragast frá tryggingargjaldi og endurgreiðir ÍHÍ mismuninn til viðkomandi félags. Ef félag óskar eftir erlendum félagaskiptum fyrir fleiri en þrjá leikmenn af sama kyni skal það greiða kr. 400.000.-, fyrir utan tryggingargjaldið, sem gjaldfærist að fullu fyrir hvern leikmann. **Erlend félagaskipti fyrir markverði bera alltaf kr. 200.000.-, fyrir utan tryggingargjaldið, sem gjaldfærist einnig að fullu.**

Rökstuðningur

Í spænsku deildinni eru 7 lið og þar eru erlendir markverðir bannaðir eða mikið takmarkaðir. Aðeins liðið frá Portúgal og botnliðið í deildinni eru með erlenda markverði á liðslista í bland við spænska þó.

Það þarf að huga að þessum málum og félög þurfa að hafa hvata til að rækta sína eigin markverði landsliðum til heilla. Það væri t.d. hægt að taka þetta í skrefum og hafa auka 200.000 kr. gjald á erlenda markverði núna og hækka svo á íshokkiþingi eftir 2 ár.

Tillaga 4

SR óskar eftir umræðu um hvort það eigi að leyfa tæklingar í meistaraflokki kvenna.

Rökstuðningur

Tæklingar eru leyfðar í U14, U16 og U18 og allt eru þetta blandaðir flokkar. Leikmenn í meistaraflokki kvenna byrja margar hverjar að spila í Topp-deild kvenna U16 og jafnvel U14 og eru því að spila í flokkum sem má tækla í upp í U18 samhliða kvennaliðum þar sem tæklingar eru ekki leyfðar.

Svíþjóð var fyrst þjóða til að leyfa tæklingar og hafa rannsóknir sýnt að meiðslum hefur fækkað og hraði leiksins aukist.

<https://apnews.com/article/womens-hockey-checking-sweden-6ad95b559c065ab96e9ba362ddc30de1>

Tillaga 5

Það þyrfti að smíða reglugerð um ný félög/lið sem fá aðild að ÍHÍ.

Rökstuðningur

Tvö ný lið hafa verið stofnuð á undanförum árum og í bæði skiptin hefur stofnun þeirra nær eingöngu bitnað á einu og sama félaginu, SR.

Reglugerðin þyrfti að innihalda reglur um hámarksfjölda leikmanna sem hægt er að sækja úr öðrum liðum til að tryggja að nýtt lið eyðileggi ekki annað við stofnun. Það hlýtur að vera þvert á tilgang þess að stofna nýtt lið að gera annað óstarfhæft. Þannig verði tryggt að sóttir verði stofnleikmenn úr öllum þeim liðum sem fyrir eru en ekki bara einu.

Er 25 þúsund kr. transfer of lítil upphæð milli íslenskra liða? Það er hægt að stofna nýtt lið á kostnað annars fyrir mjög lítinn pening.

Uppeldisfélög fá ekkert fyrir að „búa til“ leikmenn, þyrfti að breyta því?

Tillaga 6

Félagaskipti ólögráða leikmanna ættu að vera undanþegin reglum um tímabil félagaskipta

Ætti í það minnsta að vera gluggi milli anna þegar greidd eru æfingagjöld til félaga og tækifæri til að skipta.

Tillaga 7

SR óskar eftir umræðu um streymismál, þ.e.a.s. hugmyndir fráfarandi stjórnar ÍHÍ um að loka streyminu til að búa til meiri tekjur fyrir sambandið.

Rökstuðningur

Hverjir eru kostirnir og hverjir eru gallarnir?

Íshokki er ein fámennasta hópíþróttin á Íslandi. Bent hefur verið á að bæði handbolti og blak hafi lokað sínu streymi með góðum árangri. Samkvæmt tölum ÍSÍ frá árinu 2023 eru iðkendur í íshokki 718 og fækkun um -3.1% frá árinu 2022. Iðkendur í handbolta voru næstum því 12 sinnum fleiri eða 8.350 árið 2023 og fjölgaði um 5,9% milli ára. Iðkendur í blaki voru 2.863 árið 2023 og fjölgaði um 10.3% frá árinu áður.

<https://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Tolfraedi/Idkendur---Greinar/Iðkendur%202023%20eftir%20iþróttagreinum.pdf>

Samkvæmt framkvæmdastjóra ÍHÍ skilar um 30% af níverandi áhorfi sér yfir í áskriftamódel. Áhorf á beint streymi deildarleikja í Topp-deildum karla og kvenna telur um 100-300 manns og uppsafnað áhorf yfir lengri tíma 500-1000, stundum meira ef leikirnir eru „stórir“.

Erum við til í að skera niður net-áhorf á eina minnstu hópíþrótt landsins niður um 70%? Eitthvað af þessu fólki skilar sér í staðinn í hallirnar en það er eflaust ekki nema mjög litill hluti.

Tillaga 8

SR óskar eftir umræðu um fyrirkomulag landsliðsmála, sérstaklega yngri landsliða og kostnað. Til dæmis hafa verðin hækkað mikið og eru alltof há, flug pöntuð með litlum fyrirvara, kampar fáir og með litlum sem engum fyrirvara.

SR leggur til að skipuð verði landsliðsnefnd í kringum hvert og eitt landslið með fulltrúum hvers félags sem á leikmenn í viðkomandi liði/úrtakshóp. Sú nefnd hefði það hlutverk að styðja við ÍHÍ og veita aðhald varðandi hvert landslið.

Tillaga 9

Dómaramál.

Eru til reglur um hæfi og hlutleysi dómara? Ef ekki þyrfti það ekki að vera til?

Er hægt að koma í veg fyrir að í leikjum séu allir dómarar „fulltrúar“ annars félagsins sem keppir?

Tillaga 10

Nú þegar Topp-deild karla er með fjögur lið hvernig væri að hafa undanúrslit á næsta tímabili? Efsta keppir við það neðsta og liðin í 2. og 3. sæti keppa um hitt sætið? Myndi fjölga úrslitaleikjum, gera úrslitum hærra undir höfði og fá meiri athygli út í samfélaginu.

Tillaga 11

Fundargerð Íshokkíþings verði gerð opinber að loknu þingi ásamt aðgerðaáætlun frá nýrri stjórn sambandsins varðandi það sem ákveðið var á þinginu. Stjórn ÍHÍ myndi í lok tímabils gefa út stöðu á þeim verkefnum sem ákveðið var að fara í á síðasta þingi. Íshokkíþing er æðsta vald í málefnum sambandsins og ætti því að fara eftir samþykktum þingsins. Fundargerð íshokkíþings frá árinu 2023 hefur ekki enn verið birt eða gerð aðgengileg. Fyrirspurnum SR til framkvæmdastjóra ÍHÍ 14. febrúar og ítrekun 15. apríl varðandi fundargerðina hefur ekki verið svarað þegar þetta er ritað (18. apríl).

Tillaga 12

SR óskar eftir því að á íshokkíþingi samhliða ársreikningi verði lögð fram sundurliðun á félagaskiptagjöldum, innlendum og erlendum, niður á hvert félag.

Tillaga 13

Bæta skipulag fréttar á vef ÍHÍ, hafa fréttar flokka (félagaskipti, landslið, Topp-deild o.s.frv) til að auðvelda leit og yfirsýn notenda.